

**Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum
grunnskóla 2001 - 2003**

Heildarniðurstöður

**Menntamálaráðuneytið
Apríl 2004**

Menntamálaráðuneytið

Apríl 2004

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

© 2004 Menntamálaráðuneytið

Efnisyfirlit

INNGANGUR	4
ÚTTEKTIR 2001-2003	5
1. STAÐA SJÁLFSMATS Í SKÓLUNUM.....	6
2. SJÁLFSMATSADFERÐIR	7
3. FRAMKVÆMD SJÁLFSMATS.....	8
SAMANTEKT	9
VIÐAUKAR	10
1. VIÐMIÐ	10
2. MATSTÆKIÐ.....	12
3. SKÓLAR SEM ÚTTEKT VAR GERÐ Á 2001 - 2003	13
4. ÚTTEKTARADILAR.....	21

Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum fyrstu úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla á tímabilinu 2001-2003. Skýrslan er send sveitarfélögum og grunnskólum. Skýrsluna er einnig að finna á vef menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is undir Málaflokkar (Mat og úttektir).

Í 49. grein laga um grunnskóla nr. 66/1995 er ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Í greininni er einnig ákvæði um að á 5 ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota. Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla kom til framkvæmda haustið 2001 og var lokið úttektum á sjálfsmatsaðferðum 184 grunnskóla landsins haustið 2003.

Markmið með úttektunum var að leggja mat á stöðu sjálfsmats, sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmatsins í einstökum skólum. Þau viðmið sem liggja til grundvallar við mat á sjálfsmatsaðferðum eru að sjálfsmatið sé: formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert (sjá viðauka 1).

Til að leiðbeina skólum við vinnu við sjálfsmat gaf menntamálaráðuneytið vorið 1997 út bæklinginn *Sjálfsmat skóla*. Þar er fjallað um tilgang og markmið sjálfsmats, sett fram viðmið fyrir sjálfsmat skóla, birtur gátlisti og gefið dæmi um ramma fyrir sjálfsmatsskýrslu.

Viðmiðin sem lögð voru til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum skóla eru einnig birt í *Almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla* (www.menntamalaraduneyti.is undir Útgefið efni - Útgefin rit og skýrslur) auk þess sem þau voru kynnt skólum í bréfi sem var sent öllum grunnskólum fyrir úttekt.

Úttektir 2001-2003

Á úttektartímabilinu 2001-2003 voru unnar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 184 grunnskóla í öllum kjördæmum landsins. Af ýmsum ástæðum var ekki hægt að gera úttekt á örfáum grunnskólum. Í samræmi við lagaákvæði fól menntamálaráðuneytið að undangenginni auglýsingu, utanaðkomandi aðilum að vinna úttektirnar (sjá nánar um skóla í viðauka 3 og úttektaraðila í viðauka 4).

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla byggði m.a. á gögnum frá viðkomandi skóla, heimsóknum í skólann og viðtölum við stjórnendur, kennara, fulltrúa annarra starfsmanna, nemendur og foreldra, eftir því sem við átti.

Við vinnslu úttekta í hverjum skóla skráðu úttektaraðilar niðurstöður sínar í rafrænan spurningalista sem ráðuneytið lét hanna. Í raun var um að ræða einn spurningalista eða tæki, en efnið fór eftir stöðu sjálfsmats í hverjum skóla fyrir sig. Því var um að ræða þrjár útfærslur spurningalista með tilliti til stöðu skólanna í sjálfsmatsvinnunni.

Spurningalisti fyrir skóla sem hafði unnið kerfisbundið sjálfsmat samanstóð af 42 tvíkosta og fjölvalsspurningum. Byggði efnið á viðmiðunum tíu (sjá viðauka 1) og skiptist listinn í fjóra meginhluta; 1. Staða sjálfsmats í skólanum, 2. Sjálfsmatsaðferðir skólans, 3. Framkvæmd sjálfsmats og 4. Heildarniðurstaða.

Ef skóli hafði gert einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins var notaður styttri spurningalisti með sjö spurningum og skiptist í tvo hluta; 1. Staða sjálfsmats í skólanum og 2. Heildarniðurstaða.

Ef skóli hafði ekkert unnið við sjálfsmat eða aðeins hafið undirbúning kerfisbundins sjálfsmats skráðu úttektaraðilar niðurstöður sínar í þriðja og jafnframt stysta spurningalistann með fjórum spurningum og skiptist í tvo hluta; 1. Staða sjálfsmats í skólanum og 2. Heildarniðurstaða.

Í öllum tilvikum kynntu úttektaraðilar skólastjóra viðkomandi skóla niðurstöður úttektarinnar áður en þeim var skilað til ráðuneytisins þannig að þeir hefðu tækifæri til að gera efnislega athugasemdir. Í lok hvers úttektarbils gaf ráðuneytið út hlutaskýrslu um stöðu sjálfsmats í þeim skólum sem þá höfðu verið teknir út, og var hún send með viðbrögðum til sveitarstjórna viðkomandi skóla. Afrit var sent skólum.

1. Staða sjálfsmats í skólunum

Í 72 grunnskólum af þeim 184 sem úttekt var gerð á á árunum 2001-2003 lá fyrir skrifleg opinber verkáætlun um sjálfsmat eða í um 39% skóla.

Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram í 69 skólanna sem úttekt var gerð á.

Með kerfisbundnu sjálfsmati er átt við mat sem er unnið skipulega samkvæmt verkáætlun og fyrirfram ákveðnum aðferðum. Aðferðirnar sem notaðar eru geta byggt á tilbúnu sjálfsmatskerfi eða samsettu og aðlöguðu kerfi. Miðað var við að kerfisbundið sjálfsmat væri í gangi þegar úttektin fór fram.

Staða sjálfsmats í skólunum reyndist eftirfarandi:

Staða sjálfsmats	Fjöldi skóla	Hlutfall
Kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum	29	16%
Kerfisbundið sjálfsmat á tilteknum þáttum	40	22%
Einstakar tilraunir við sjálfsmat	71	38%
Undirbúningur kerfisbundins sjálfsmats hafinn	27	15%
Ekkert hefur verið unnið við sjálfsmat	10	5%
Annað	7	4%
Alls	184	100%

Af þeim 69 grunnskólum sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat höfðu 29 grunnskólar gefið út sjálfsmatsskýrslu. Skýrslurnar náðu ýmist til allra helstu þátta skólastarfsins eða til afmarkaðra þátta þess. Sjálfsmatsskýrsla var í vinnslu í 18 skólum af skólunum 69 og 22 skólar höfðu ekki gefið út sjálfsmatsskýrslu.

Af 71 skóla sem höfðu gert einstakar tilraunir með sjálfsmat höfðu 28 skólar gefið út sjálfsmatsskýrslur, skýrsla var í vinnslu í sjö skólum en 36 skólar höfðu ekki gefið út slíkar skýrslur.

Alls höfðu því 57 af 184 skólum gefið út sjálfsmatsskýrslu eða 31% skólanna.

Þar sem um var að ræða úttektir á sjálfsmatsaðferðum og framkvæmd sjálfsmats fengu þeir skólar sem ekkert höfðu unnið að sjálfsmati, eða höfðu eingöngu gert einstakar tilraunir eða hafið undirbúning að kerfisbundnu sjálfsmati sjálfkrafa niðurstöðuna ófullnægjandi, eða alls 115 skólar. Þannig fjalla næstu tveir hlutar skýrslunnar einungis um þá 69 skóla sem unnið höfðu kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum eða tilteknum þáttum skólastarfsins.

2. Sjálfsmatsaðferðir

Af þeim 69 skólum sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat, byggðu 29 skólar sjálfsmatsaðferðir á samsettu og aðlöguðu kerfi. Sjálfsmatsaðferðir 40 skóla byggðu á tilbúnu kerfi, sem voru: *Grunn – Skólarýrnir, Kanni, Glerverkið, Aukin gæði náms (AGN), aðlöguð aðferðafræði frá Skotlandi, Gæðagreinir, SVÓT greining, Kaupmannahafnarlíkan Peter Ullholm og danska kerfið Síðferðileg reikningskil (Det etiske regnskab).*

Í skólunum 71 sem höfðu gert einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins var stuðst við samsett og aðlöguð kerfi í 61 skóla. Sjálfsmatsaðferðir tíu skóla byggðu á tilbúnu kerfi sem voru: *Grunn – Skólarýrnir, Gæðagreinir, Aukin gæði náms (AGN), Altæk gæðastjórnun ISO9002.*

Niðurstöður voru eftirfarandi í þeim 69 skólum sem höfðu unnið kerfisbundið sjálfsmat um hvort sjálfsmatskerfi skólanna uppfyllti þau viðmið sem menntamálaráðuneytið hefur sett fyrir sjálfsmatsaðferðir (sjá viðauka 1):

Sjálfsmatskerfið telst:	Já	%	Nei	%	Skólar Alls
Formlegt	54	78%	15	22%	69
Altækt	55	80%	14	20%	69
Áreiðanlegt	69*	100%	0	0%	69
Samstarfsmiðað	58	84%	11	16%	69
Umbótamiðað	55	80%	14	20%	69
Árangursmiðað	43	62%	26	38%	69
Stofnanamiðað	60	87%	9	13%	69
Einstaklingsmiðað	64	93%	5	7%	69
Lýsandi	27	39%	42	61%	69
Greinandi	59	86%	10	14%	69
Opinbert	32	46%	37	54%	69

* Já eða já að hluta

Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins töldust 29 skólar af þeim 69 sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat vera með fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir, 37 skólar með fullnægjandi aðferðir að hluta og þrjár skólar með ófullnægjandi aðferðir.

3. Framkvæmd sjálfsmats

Í þeim 69 skólum sem framkvæmt höfðu kerfisbundið sjálfsmat taldist undirbúningur og kynning fullnægjandi í 50 skólum og fullnægjandi að hluta í 16 skólum. Í þremur skólum taldist undirbúningur og kynning framkvæmdar ófullnægjandi.

Í 39 skólum af þeim 69 sem framkvæmt höfðu kerfisbundið sjálfsmat var framkvæmd umbóta í samræmi við aðgerða- og þróunaráætlun sem gerð var í kjölfar sjálfsmats. Tíu skólanna höfðu metið hvort markmiðum í aðgerða- og þróunaráætlun hafði verið náð.

Þá höfðu verið sett viðmið um hvað bættur árangur í einstökum þáttum fæli í sér í 19 skólum af þeim 69 sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat. Í 47 tilvikum var einstaklingsmiðað sjálfsmat nýtt við starfsmannastjórnun.

Framkvæmd sjálfsmats í heild var metin fullnægjandi í 24 af þeim 69 skólum sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat og fullnægjandi að hluta í 41 skólum. Í fjórum skólum var framkvæmdin í heild metin ófullnægjandi.

Samantekt

Helstu niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum 184 grunnskóla á tímabilinu 2001-2003 eru að 69 grunnskólar hafa unnið kerfisbundið að sjálfsmati eða um 37,5% skólanna. Þar af hefur kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólastarfsins farið fram í 29 skólum. 71 skóli hafði gert einstakar tilraunir við sjálfsmat og 27 skólar höfðu hafið undirbúning að kerfisbundnu sjálfsmati. Tíu skólar höfðu ekkert unnið við sjálfsmat eða rúm 5% skólanna.

Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á niðurstöðum um mat á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla 2001-2003:

Sjálfsmatsaðferðir skólans teljast:	Fjöldi skóla	Hlutfall
Fullnægjandi	29	16%
Fullnægjandi að hluta	37	20%
Ófullnægjandi	118	64%
Alls	184	100%

Því teljast 36% skólanna beita sjálfsmatsaðferðum sem eru fullnægjandi eða fullnægjandi að hluta en 64% skólanna teljast vera með ófullnægjandi sjálfsmatsaðferðir.

Þegar lagt var mat á framkvæmd sjálfsmats þeirra 69 skóla sem höfðu unnið kerfisbundið sjálfsmat eru niðurstöðurnar eftirfarandi:

Framkvæmd sjálfsmats telst:	Fjöldi skóla	Hlutfall
Fullnægjandi	24	35%
Fullnægjandi að hluta	41	59%
Ófullnægjandi	4	6%
Alls	69	100%

Af þeim 184 grunnskólum sem voru teknir út á þessu tímabili, eru 19 skólar eða um 10% sem uppfylla að öllu leyti bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats.

Með þessari skýrslu er fyrsta ferli á fyrsta úttektartímabili lokið. Ljóst er að langflestir skólanna hafa unnið að sjálfsmati en voru mislangt á vegi komnir á þeim tíma er úttektir voru gerðar. Þróunin á tímabilinu var sú að niðurstöður urðu jákvæðari er á leið þannig að hlutfall skóla er höfðu lokið kerfisbundnu sjálfsmati hækkaði.

Viðaukar

1. Viðmið

Viðmið ráðuneytisins sem lögð eru til grundvallar við úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla eru að sjálfsmatið sé:

1. Formlegt

Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það á hverjum tíma og til hverra það nær.

2. Altækt

Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

3. Áreiðanlegt

Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum, en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

4. Samstarfsmiðað

Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

5. Umbótamiðað

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

6. Árangursmiðað

Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

7. Stofnana- og einstaklingsmiðað

Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum og mat á stjórnun og kennslu.

8. Lýsandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

9. Greinandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu, sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og síðan í samantekt í lokin.

10. Opinbert

Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

2. Matstækið

Menntamálaráðuneytið hefur hannað spurningalista á rafrænu formi sem úttektaraðilar skrá niðurstöður sínar í. Spurningalistarnir eru þrenns konar og fer val á spurningalista eftir stöðu sjálfsmats í hverjum skóla fyrir sig. Meginlistinn samanstendur af 42 spurningum sem úttektaraðilar svara ef skólinn hefur unnið að kerfisbundnu sjálfsmati. Listinn skiptist í fimm meginhluta:

I. Staða sjálfsmats – markmiðið er að fá fram upplýsingar um hver staða sjálfsmatsvinnu í skólanum er.

II. Sjálfsmatsaðferðir– markmiðið er að afla upplýsinga um það kerfi sem skólinn notar. Viðmiðin eru: formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert og eru settar fram spurningar um hvert þeirra.

III. Framkvæmd sjálfsmats – markmiðið er að fá fram upplýsingar um hvernig til hefur tekist með framkvæmd sjálfsmatsins.

IV. Heildarniðurstaða – markmiðið er að fá fram lokaniðurstöðu úttektaraðila um annars vegar sjálfsmatsaðferðirnar og hins vegar um framkvæmdina. Til að svara þessum hluta byggja úttektaraðilar annars vegar á hluta II og hins vegar á hluta III (sjá hér að ofan).

V. Greinargerð – markmiðið er að fá fram stutta samantekt (hámark 1 bls. A4) á niðurstöðum ásamt athugasemdum og öðrum upplýsingum frá úttektaraðilum.

Ef skólinn hefur einungis gert einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins fylla úttektaraðilar út spurningalista sem samanstendur af sjö spurningum. Stytttri listi er fylltur út ef ekkert hefur verið unnið við sjálfsmat eða undirbúningur sjálfsmats er hafinn. Úttektaraðilar skila í öllum tilvikum stuttri greinargerð með spurningalistunum.

3. Skólar sem úttekt var gerð á 2001 - 2003

Haustið 2001

Reykjavíkurrkjördæmi:

1. Austurbæjarskóli, Reykjavík
2. Ártúnsskóli, Reykjavík
3. Fellaskóli, Reykjavík
4. Grandaskóli, Reykjavík
5. Hagaskóli, Reykjavík
6. Hlíðaskóli, Reykjavík
7. Klébergsskóli, Reykjavík
8. Ölduselsskóli, Reykjavík
9. Réttarholtsskóli, Reykjavík
10. Suðurhlíðarskóli, Reykjavík
11. Vesturbæjarskóli, Reykjavík

Suðvesturkjördæmi:

12. Engidalsskóli, Hafnarfjarðarkaupstað
13. Flataskóli, Garðabæ
14. Lækjarskóli, Hafnarfjarðarkaupstað
15. Setbergsskóli, Hafnarfjarðarkaupstað
16. Smáraskóli, Kópavogsbæ
17. Snælandsskóli, Kópavogsbæ
18. Valhúsaskóli, Seltjarnarneskaupstað

Norðausturkjördæmi:

19. Brekkuskóli, Akureyri
20. Dalvíkurskóli, Dalvík
21. Giljaskóli, Akureyri
22. Grenivíkurskóli, Grýtubakkahreppi

23. Grunnskólinn í Hrísey, Hrísey
24. Hrafnagilsskóli, Eyjafjarðarsveit
25. Húsabakkaskóli, Dalvík
26. Oddeyrarskóli, Akureyri
27. Valsárskóli, Svalbarðsstrandahreppur

Vorið 2002

Reykjavíkurborg:

28. Árbæjarskóli, Reykjavíkurborg
29. Breiðagerðisskóli, Reykjavíkurborg
30. Foldaskóli, Reykjavíkurborg
31. Hamraskóli, Reykjavíkurborg
32. Háteigsskóli, Reykjavíkurborg
33. Húsaskóli, Reykjavíkurborg
34. Hvassaleitisskóli, Reykjavíkurborg
35. Ísaksskóli, Reykjavíkurborg
36. Korpuskóli, Reykjavíkurborg
37. Landakotsskóli, Reykjavíkurborg
38. Langholtsskóli, Reykjavíkurborg
39. Laugalækjarskóli, Reykjavíkurborg
40. Laugarnesskóli, Reykjavíkurborg
41. Melaskóli, Reykjavíkurborg
42. Rimaskóli, Reykjavíkurborg
43. Selásskóli, Reykjavíkurborg
44. Seljaskóli, Reykjavíkurborg
45. Tjarnarskóli, Reykjavíkurborg
46. Vesturhlíðarskóli, Reykjavíkurborg
47. Vogaskóli, Reykjavíkurborg
48. Öskjuhlíðarskóli, Reykjavíkurborg

Suðvesturkjördæmi:

49. Álftanesskóli, Bessastaðahreppi
50. Digranesskóli, Kópavogsbæ
51. Hofstaðaskóli, Garðabær
52. Lindaskóli, Kópavogsbæ
53. Mýrarhúsaskóli, Seltjarnarneskaupstað
54. Víðistaðaskóli, Hafnarfjarðarkaupstað
55. Waldorfskólinn, Kópavogsbæ
56. Öldutúnsskóli, Hafnarfjarðarkaupstað

Norðausturkjördæmi:

57. Árskógarskóli, Dalvík
58. Barnaskólinn á Ólafsfirði
59. Gagnfræðaskólinn á Ólafsfirði
60. Glerárskóli, Akureyri
61. Grunnskólinn í Bárðardal, Pingeyjarsveit
62. Grunnskólinn í Grímsey, Grímseyjarhreppi
63. Lundarskóli, Akureyri
64. Síðuskóli, Akureyri
65. Stórutjarnarskóli, Pingeyjarsveit
66. Pelamerkurskóli, Hörgárbyggð

Haustið 2002**Reykjavíkurborgkjördæmi:**

67. Álftamýrarskóli, Reykjavíkurborg
68. Breiðholtsskóli, Reykjavíkurborg
69. Engjaskóli, Reykjavíkurborg

Suðvesturkjördæmi:

70. Hvaleyrarskóli, Hafnarfjarðarkaupstað
71. Kársnesskóli, Kópavogsbæ
72. Kópavogsskóli, Kópavogsbæ

Suðurkjördæmi:

73. Ásgarðsskóli, Kjósarhreppi
74. Barnaskólinn í Vestmannaeyjum
75. Brautarholtsskóli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
76. Flúðaskóli, Hrunamannahreppi
77. Gaulverjaskóli, Gaulverjabæjarhreppi
78. Gerðaskóli, Reykjanesbæ
79. Grunnskóli Mýrdalshrepps
80. Grunnskólinn á Hellu, Rangárþingi ytra
81. Grunnskóli Bláskógabyggðar á Laugarvatni
82. Grunnskólinn í Austur-Landeyjum, Rangárþingi eystra
83. Þykkvabæjarskóli, Rangárþingi ytra
84. Grunnskólinn í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra
85. Grunnskólinn í Grindavík
86. Grunnskólinn í Hveragerði
87. Grunnskólinn í Sandgerði, Reykjanesbær
88. Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Ölfushreppi
89. Hamarsskóli, Vestmannaeyjum
90. Heiðarskóli, Reykjanesbæ
91. Holtaskóli, Reykjanesbæ
92. Hvolsskóli, Rangárþingi eystra
93. Kirkjubæjarskóli, Skaftárhreppi
94. Laugalandsskóli, Rangárþingi ytra
95. Lágafellsskóli, Mosfellsbæ
96. Ljósafossskóli, Grímsnes- og Grafningshreppi
97. Myllubakkaskóli, Reykjanesbæ

98. Njarðvíkurskóli, Reykjanesbæ
99. Reykholtsskóli, Bláskógabyggð
100. Seljalandsskóli, Rangárþingi eystra
101. Þingborgarskóli, Hraungerðishreppi
102. Varmárskóli, Mosfellsbæ
103. Villingaholtsskóli, Villingaholtshreppi

Vorið 2003

Norðvesturkjördæmi:

104. Andakílsskóli, Borgarfjarðarsveit
105. Árskóli, Sveitarfélagið Skagafirði
106. Brekkubæjarskóli, Akraneskaupstað
107. Broddanesskóli, Broddaneshreppi
108. Drangnesskóli, Kaldrananeshreppi
109. Finnbogastaðaskóli, Árneshreppi
110. Grundaskóli, Akraneskaupstað
111. Grunnskóli Akrahrepps
112. Grunnskóli Bolungarvíkur
113. Grunnskóli Húnaþings vestra
114. Grunnskóli Önundarfjarðar
115. Grunnskóli Vesturbyggðar
116. Grunnskólinn að Hólum
117. Grunnskólinn á Blönduósi
118. Grunnskólinn á Borðeyri
119. Grunnskólinn á Hellissandi
120. Grunnskólinn á Hofsósi
121. Grunnskólinn á Hól mavík
122. Grunnskólinn á Ísafirði
123. Grunnskólinn á Suðureyri
124. Grunnskólinn á Tálknafirði

125. Grunnskólinn á Þingeyri
126. Grunnskólinn í Borgarnesi
127. Grunnskólinn í Búðardal
128. Grunnskólinn í Grundarfirði
129. Grunnskólinn í Ólafsvík
130. Grunnskólinn í Stykkishólmi
131. Grunnskólinn Tjarnarlundi
132. Heiðarskóli, Leirársveit
133. Höfðaskóli, Skagaströnd
134. Húnavallaskóli, Torfalækjarhreppi
135. Kleppjárnsreykjaskóli, Borgarfjarðarsveit
136. Laugargerðisskóli, Kolbeinsstaðahreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi
137. Lýsuhólsskóli, Snæfellsbæ
138. Reykhólaskóli, Reykhólahreppi
139. Súðavíkurskóli, Súðavíkurhreppi
140. Varmahlíðarskóli, Sveitarfélagið Skagafirði
141. Varmalandsskóli, Borgarbyggð

Suðurkjördæmi:

142. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Suðvesturkjördæmi:

143. Hjallaskóli, Kópavogsbæ

Haustið 2003

Úttektir voru gerðar á sjálfsmatsaðferðum eftirtalinna skóla haustið 2003:

Norðausturkjördæmi:

144. Borgarhólsskóli, Húsavík
145. Brúarásskóli, Norður Héraði

146. Fellaskóli í Fellahreppi
147. Grunnskóli Borgarfjarðar
148. Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar
149. Grunnskóli Mjóafjarðar
150. Grunnskóli Reyðarfjarðar
151. Grunnskóli Siglufjarðar
152. Grunnskóli Skútustaðahrepps
153. Grunnskóli Svalbarðshrepps
154. Grunnskólinn á Bakkafirði
155. Grunnskóli Eskifjarðar
156. Grunnskólinn á Raufarhöfn
157. Grunnskóli Stöðvarfjarðar
158. Grunnskólinn á Þórshöfn
159. Grunnskólinn Djúpavogi
160. Grunnskólinn á Egilsstöðum og Eiðum
161. Grunnskólinn í Breiðdal
162. Hafralækjarskóli, Húsavíkurbæ og Þingeyjarsveit
163. Hallormsstaðaskóli, Austur- Hérað
164. Hlíðarskóli, Akureyri
165. Litlulaugaskóli, Þingeyjarsveit
166. Nesskóli, Fjarðabyggð
167. Seyðisfjarðarskóli, Seyðisfjarðarkaupstað
168. Vopnafjarðarskóli, Vopnafjarðarhreppi
169. Öxarfjarðarskóli, Kelduneshreppi

Suðurkjördæmi:

170. Grunnskólinn Hofgarði, Sveitarfélagið Hornafirði
171. Hafnarskóli; Sveitarfélagið Hornafirði
172. Heppuskóli, Sveitarfélagið Hornafirði
173. Hrollaugstaðaskóli, Sveitarfélagið Hornafirði
174. Nesjaskóli, Sveitarfélagið Hornafirði
175. Vallaskóli, Sveitarfélagið Árborg

Suðvesturkjördæmi:

- 176. Garðaskóli, Garðabæ
- 177. Salaskóli, Kópavogsbæ
- 178. Stóru-Vogaskóli, Vogum

Reykjavíkurborgkjördæmi:

- 179. Borgaskóli; Reykjavíkurborg
- 180. Fossvogsskóli, Reykjavíkurborg
- 181. Hólabrekkuskóli, Reykjavíkurborg
- 182. Ingunnarskóli; Reykjavíkurborg
- 183. Víkurskóli, Reykjavíkurborg
- 184. Waldorfskólinn Sólstafir, Reykjavíkurborg

4. Úttektaraðilar

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum í hverjum skóla voru í höndum tveggja til þriggja einstaklinga sem saman höfðu menntun og reynslu á sviði sjálfsmats, skólastarfs á grunnskólastigi og gæðastjórnunar. Úttektirnar voru unnar af einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum og gerði hvert úttektarteymi að lágmarki úttekt í þremur skólum. Eftirtaldir aðilar önnuðust úttektirnar:

Haust 2001:

1. Auður Kristinsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir
2. Anna Lilja Sigurðardóttir og Helga M. Steinsson
3. Erna M. Sveinbjarnardóttir og Sigurjón Mýrdal
4. Inga Bára Þórðardóttir, Jóhanna G. Kristjánsdóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir
5. Kristín Jónsdóttir og Ólafur H. Jóhannsson
6. Lovísa Kristjánsdóttir og Védís Grönvold
7. Trausti Þorsteinsson og Vignir Einarsson

Vor 2002:

1. Anna Lilja Sigurðardóttir og Katrín Frímannsdóttir
2. Ársæll Guðmundsson og Vignir Einarsson
3. Deloitte & Touche
4. Jóhanna G. Kristjánsdóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir
5. KPMG Ráðgjöf
6. Lovísa Kristjánsdóttir og Védís Grönvold
7. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

Haust 2002:

1. Deloitte & Touche
2. IMG - Ráðgarður
3. Jóhanna G. Kristjánsdóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir
4. KPMG Ráðgjöf
5. Lovísa Kristjánsdóttir og Védís Grönvold

Vor 2003:

1. Deloitte & Touche
2. IMG - Ráðgarður
3. Jóhanna G. Kristjánsdóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir
4. KPMG Ráðgjöf
5. Lovísa Kristjánsdóttir og Védís Grönvold
6. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands
7. Vignir Einarsson og Þórleif Drífa Jónsdóttir

Haust 2003:

1. Deloitte & Touche
2. IMG
3. Jóhanna G. Kristjánsdóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir
4. KPMG Ráðgjöf
5. Lovísa Kristjánsdóttir og Védís Grönvold
6. Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands
7. Vignir Einarsson og Þórleif Drífa Jónsdóttir